

## S A M Þ Y K K T

fyrir

einkasímafélag Norður-Bárðdælinga.

74

5. ágúst

## 1. gr.

Símar þeir, sem þessi samþykkt nær til, eru:

- a. Frá Fosshól að Úlfsbæ og að Ingjaldsstöðum.
- b. Frá Arndisastöðum að Einbúa og Kálfborgará með hliðarlínu að Eyjar-dalsá.
- c. Frá Jarlsstöðum í Sandhauga, Brennás, Hrappsstaði og Hlíðarenda.
- d. Frá Sandvík að Sigurðarstöðum og Hlíðskógum.
- e. Frá Lundarbrekku að Engidal, Halldórsstöðum og Litluvöllum.

## 2. gr.

Símar þeir sem taldir eru í 1. gr. skulu lagðir svo fljótt, sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símans skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

## 3. gr.

Ábúendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. og símalínurnar ná til, ganga í símafélag sem nefnist Einkasímafélag Norður-Bárðdælinga, og ábyrgist það kostnað þann, sem lagning símanna og viðhald þeirra hefir í för með sér, að frádregnum þeim  $\frac{3}{5}$  hlutum stofnkostnaðar, sem landssíminn greiðir og því daglega viðhaldi, sem um getur í 4. gr. Kostnaður hvernar línu skal greiddur af ábúanda þess heimilis, sem línan sérstaklega tilheyrir; þó skal félagið greiða allt að 100 kr. fyrir hverja stöð fari stofnkostnaður yfir 200 kr., og skal sá hluti kostnaðarins greiddur af hverjum ábúanda á félagssvæðinu sem nefskattur á hvern heimilismann á aldrinum frá 20—60 ára.

## 4. gr.

Afgreiðslu á síma sínum, svo og daglegt viðhald og bráðabirgðar aðgerðir, annast hver bóndi á einkasímasvæðinu, er síma hefir.

## 5. gr.

Félagið skal hafa með sér aðalfund árlega síðla vetrar. Stjórn félagsins skal kjósa til þriggja ára í senn, og gengur einn maður úr stjórninni árlega. Fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, og kýs aðalfundur mann í stað þess, er úr gengur.

Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosin endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan.

Afrit af ársreikningi skal senda landssímastjóra.

Sveitarstjórn Bárðdælahrepps og sýslustjórn Suður-Þingeyjarsýslu á-

**74** byrgist starfrækslu einkasímanna eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, 5. ágúst og að línum sé að öllu leyti vel við haldið.

6. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum allt að 200 kr., sem renna í sveitarsjóð Bárðdælahrepps.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. ágúst 1931.*

**S. Kristinsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**75**

29. ágúst

## SAMÞYKKT

um

sýsluvegasjóð í Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Í Vestur-Barðastrandarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

2. gr.

Sýsluvegir teljast þessir:

1. Frá Brjánslæk um Haga að Haukabergsá.
2. Frá Ósum út með Patreksfirði að norðan, að Litladalsá.
3. Frá Ósum út með Patreksfirði að sunnan um Örlygshöfn og Hafnarfjall að Breiðavík.
4. Frá Litladalsá um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn að Gileyri.
5. Frá Gileyri út með Tálknafirði að Stóralaugardal, þaðan um Fagradal og Fífustaðadal á sýsluveg Dalahrepps.
6. Frá Bræðraminni á Bildudal fram í dalbotn.
7. Frá Bræðraminni á Bildudal að Fossi.
8. Frá Jaðri á Bildudal um Dalahrepp að Staðnum í Selárdal.
9. Frá Saurbæ á Rauðasandi inn í Skógardal.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en